



| Söfnunarbaukum frá Geðhjálp verður komið fyrir á ýmsum fjölförnum stöðum á næstunni. Ljósmyndar Olason.

Ávarp frá Geðhjálp:

Hættum að nýta fangaklefana sem neyðarþjónustu fyrir geðsjúka

Eins og alþjóð veit hefur það viðgengist hér á landi að geyma geðsjúklinga í fangelsum, okkur Íslendingum til vansæmdar. Þessir menn hafa ekkert brotið af sér, heldur eru þeir veikir og hjálparþurfi. Það er í senn brýnt heilsugæslumál og mikið mannréttindamál að tryggja þeim eðlilega aðhlyningu.

Geðhjálp, félag geðsjúklinga, aðstandenda þeirra og velunnara, vill leggja sitt að mörkum til að þessir menn fái annan dvalarstað en fangelsi og fangageymslur. Því ætlar félagið að fara af stað með fjársöfnun meðal almennings í trausti þess að hún geti orðið kveikjan að raunhæfum aðgerðum til úrbóta. Félagið mun dreifa söfnunarbaukum á ýmsa staði á næstunni, og heitum við á

og safna. Margt smátt gerir eitt stórt. Þeir, sem vilja veita okkur aðstoð við framkvæmd söfnunarinnar, eru beðnir að hafa samband við eftirtalda aðila, sem alla að leggja okkur lið. Líka förum við bótarveg til annarra

félagasamtaka og biðjum fólk á vinnustöðum að taka sig saman munu veita allar nánari upplýsingar. Andrea Þórðardóttir, sími 52451, Ingibjörg Snæbjörnsdóttir sími 32852, Nanna Þorlákssdóttir sími 81118